

Aðalfundur FUM í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð í stofu H-208
30. janúar 2020 kl. 15–16

Kolbrún Pálsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.
Fundinn sátu 17 aðilar, 14 í Stakkahlíð og þrír í HA, í gegnum zoom.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar 2018–2019, markmið og lagabreytingar
2. Reikningar félagsins
3. Stjórnarkjör og skoðunarmenn reikninga
4. Þorlákur Axel Jónsson flutti erindið: Ólík þjóðfélagsstaða nemenda og frammistaða á PISA
5. Önnur mál

Formaður kynnti skýrslu stjórnar 2018–2019 og markmið félagsins en engar lagabreytingar hafa orðið á tímabilinu. Ræddar voru helstu áherslur félagsins framundan. Þar bar hæst vilji til að standa fyrir ráðstefnum annað hvert ár, keppast að því að TUM verði metið sem 15 stiga tímarit og að leggja fram ályktun félagsins til ráðherra um að stofnaður yrði sérstakur menntarannsóknarsjóður með áherslu á hagnýtar rannsóknir í skóla- og frístundastarfi.

Tveir fóru úr stjórninni, þ.e. Birna Svanbjörnsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. Einnig hættu varamennirnir Ingvar Sigurgeirsson og Kristján Hreinsson.

Í stað þeirra komu Rannveig Oddsdóttir og Hafsteinn Karlsson sem aðalmenn og Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Þorlákur Axel Jónsson komu inn sem varamenn.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkosnir: Eyrún María Rúnarsdóttir og Elsa Eiríksdóttir.

Ný stjórn:

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Guðlaug Jakobsdóttir

Ómar Örn Magnússon

Oddný Sturludóttir

Rannveig Oddsdóttir

Hafsteinn Karlsson

Jóhann Örn Sigurjónsson

varamenn:

Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Þorlákur Axel Jónsson

Engin önnur mál.

Í beinu framhaldi af aðalfundi hófst útgáfuhóf Tímarits um uppeldi og menntun (TUM). Nýjustu tímaritin voru kynnt af ritstjórum og boðið upp á léttar veitingar. Félag um menntarannsóknir á fulltrúa í ritnefnd TUM. Nýjasta heftið má finna [hér](#).

Birna Svanbjörnsdóttir
ritari